

**Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur
Reykhólahreppur, Strandabyggð
Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur,
Vesturbyggð**

Ísafirði 12.09.2018

Boð á þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðarstofu.

Með vísan til 10. greinar samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga er hér með boðið á haustþing þar sem fjalla skal um hagsmunamál sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Þingið verður haldið föstudaginn 5. og laugardaginn 6. október 2018 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Umfjöllunarefni þingsins ásamt almennum ársfundarstörfum og kosningum í nefndir og stjórn er framtíðartilhögun á starfi Vestfjarðarstofu og Fjórðungssambands ásamt vinnu við sviðsmyndaverkstæði.

Dagskrá þingsins verður ákveðin þegar nær dregur þinginu og verður hún sett á vefslóðina http://vestfirdir.is/starfsemin/3_haustthing_2018/ þegar hún verður tilbúin ásamt öðrum gögnum er varða þingið. Miðað er við að þingið hefist með léttum morgunverði og skráningu kl.9:30 og verður þingið sett kl. 10.00 á föstudeginum 5. október.

Varðandi gistingu þá þurfa gestir að bóka sig sjálfir í gistingu á svæðinu.

Hótel Ísafjörður og Hótel Horn eru með tilboð á gistingu fyrir þá sem koma á þingi og þarf þá að taka þarf fram við pöntun að verið sé að bóka vegna Haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga. Upplýsingar um gistingu á svæðinu er hægt að finna á heimasíðunni www.westfjords.is

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

